

Fréttabréf Garðasels

Október 2018



Próunarverkefni um Læsi

Síðastliðið haust byrjuðu leikskólarnir á Akranesi í tveggja ára samstarfsverkefni sem felur í sér að leggja áherslu á læsi í leiksskólum. Þegar vísað er til hugtaksins læsis í leikskóla er verið að horfa til málörvunar, málskilning, orðaforða og hugtakaskilnings. Markmiðið er að leggja góðan grunn fyrir komandi lestrarnám. Í verkefninu verður lögð áhersla á fræðslu til starfsfólks og foreldra auk þess að samræma kennsluhætti í leikskólunum og gera kennsluáætlanir. Umsjónarmenn verkefnisins eru sérkennslustjórar skólanna.



Þema október –læsi

Læsi er þema október. Deildir skipuleggja verkefni tengd læsinu og hún verður tengd inn í daglegt starf, hópastarf og samverustundi.

Vináttuverkefni Barnaheilla

Áfram verður unnið með Vináttuverkefni Barnaheilla en það er forvarnarverkefni gegn einelti. Garðasel er hluti af því



Ég vil eiga vini og því
þarf ég að vera góður vinur

Leikskólasamfélag sem vinnur með þetta forvarnarverkefni. Mikilvægt er að leggja grunninn að góðum samskiptum snemma og í leikskóla fer fram mikil félagsmótun, sem getur fylgt börnunum áfram í grunnskólann og út í lífið.



Áhersla er lögð á að hjálpa börnunum að verða góðir félagar, sem sýna hver öðrum umburðarlyndi, virðingu og jákvæðni en það eru grunngildi góðrar vináttu.

Mikilvægt er að foreldrar hafa í huga þegar boðið er í afmæli barna þeirra, hvernig það er gert því það er oft viðkvæmasta stundin í lífi barna að vera „ekki boðið“.

Haustskólinn

Þá er komið að Haustskólanum en þá fara elstu börnin í sinn grunnskóla þrjá daga að hausti, hitta skólástjórindur og fá síðan að takast á við verkefni við hæfi. Kennarar fylgja þeim í skólann og eru með þeim og á móti koma nokkrir 1. Bekkingar, fyrrum nemendur Garðasels, yfir til okkar á meðan.

Haustskólinn í Brekkubæjarskóla er dagana 2.- 3. Og 4. október kl: 8.30-11.30

Haustskólinn í Grundaskóla er dagana 10.-11. og 12. október kl: 8.30-11.30



Börnin taka með sér létt en hollt nesti – best að taka niðurskorna ávexti og grænmeti, þau fá mjólk í skólanum

Sunddagur



Fyrri sunddagur skólaársins er laugardaginn **20. október kl: 13.00-14.30** en þá er Bjarnalaug, upphituð, til afnota fyrir Garðaselsbörnin og fjölskyldur þeirra.

Vökudagar – ljósmyndasýning

Hinir árlegu Vökudagar á Akranesi verða 25.október – 4. nóvember og taka elstu börnin þátt í þeim með ljósmyndasýningu sinni **það sem auga mitt sér** en hún verður sett upp á Höfða.



Fataherbergi

Nú þegar veðrið fer að minna á sig með alls konar veðrabrigðum yfir daginn og milli daga er mikilvægt að börnin hafi útifatnað sem hæfir veðri til að geta tekið þátt í útivistinni. Foreldrar eru beðnir að taka heim í lok dags það sem er blautt eða óhreint. Þá eru foreldrar beðnir að taka með sér töskur eða stóra fatapoka – ekki skilja það eftir í hólfi barnanna eða uppi á fatakössunum.

Merkingar fatnaðar eru mikilvægar ef fatnaður fer á flakk – illa hægt að rekja það sem er ómerkt eða er merkt með nafni annars en barnsins.

<http://rogn.is/> hér er hægt að panta fyrir lítinn pening merkingar á föt og inn í skófatnað. Þá er **fatatússið** endingargóð leið til að merkja fatnað.



Símanúmer skólans

- skóli 433-1240
- Lón 433-1243
- Holt 433-1244
- Vík 433-1245



Foreldrafélag og foreldraráð 2018-2019

Foreldraráð 2018 - 2019	Foreldrafélag 2018 - 2019
Berglind Ósk Pétursdóttir (Holt) Hafdís Guðmundsdóttir (Vík og Lón) Ólöf Vigdís Guðnadóttir (Vík) Rósalind Signýjar Kristjánsdóttir (Vík) Sigurbjörg Ragnarsdóttir (Holt – Vík)	Steinar Helgason – foreldri á Holti (gjaldkeri) Karl Jóhann Haagesen - foreldri á Holti Gyða Bergþórsdóttir – foreldri á Holti Hafdís Rán Sævarsdóttir – foreldri á Lóni Hulda Ósk Guðbjörnsdóttir – foreldri á Vík og Holti